

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landhlutasamtaka á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi.

Hér að neðan er tölvupóstur frá Jóni Þrándi Stefánssyni, f.h. starfshóps sem er að endurskoða meðferð og ráðstöfun aflaheimilda sem varið er til margvíslegra sértækra aðgerða, svo sem byggðakvóta, sértæks byggðakvóta, línuívilnunar, rækju- og skelbóta, strandveiða og frístundaveiða.

Hann óskar eftir því að sambandið hafi forgöngu um að hvetja fulltrúa sveitarstjórnarstigsins og hagsmunaaðila á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi, til að mæta á fund sem haldinn verður í ráðuneytinu, Skúlagötu 4, Reykjavík, kl. 9-12, fimmtudaginn 15. ágúst 2019.

Ég sendi þetta til ykkar sem fulltrúa sveitarstjórnarstigsins á framangreindu svæði. Ég geng út frá því að starfshópurinn annist sjálfur boðun á fundina sem haldnir verða fyrir önnur svæði auk þess að boða aðra hagsmunaaðila eins og við getur átt á alla fundina.

Ég hvet ykkur til að mæta eða senda fulltrúa ykkar á þennan fund.

Með bestu kveðju,

Karl Bj.

From: Jón Þrándur Stefánsson

Sent: fimmtudagur, 4. júlí 2019

Sambands íslenskra sveitarfélaga**Karl Björnsson, framkvæmdastjóri**

Sæll Karl,

Samkvæmt lögum nr. 116/2016 er 5,3% aflaheimilda varið til margvíslegra sértækra aðgerða, svo sem byggðakvóta, sértæks byggðakvóta, línuívilnunar, rækju- og skelbóta, strandveiða og frístundaveiða. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2006116.html>

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að vega þurfi og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/>

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað starfshóp til að endurskoða meðferð og ráðstöfun ofangreindra aflaheimilda. Hópin skipa Þóroddur Bjarnason prófessor (formaður),

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir alþingismaður, Bergþóra Benediktsdóttir aðstoðarmaður forsætisráðherra, Gunnar Atli Gunnarsson aðstoðarmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Þorsteinn Víglundsson alþingismaður. Starfsmenn starfshópsins eru Jón Þrándur Stefánsson og Hinrik Greipsson. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/05/03/Skipad-i-starfshop-um-aflaheimildir-sem-rikid-fer-med-forraedi-yfir/>

Starfshópurinn boðar hér með til samráðsfundar með fulltrúum sveitarstjórnarstigsins og hagsmunaaðilum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Vesturlandi, og Suðurlandi. Fulltrúum samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), fulltrúum Landssambands smábátaeigenda (LS) og fulltrúum Samtaka smærri útgerða (SSÚ) er einnig boðið á fundinn. Sambærilegir fundir með fulltrúum sveitarstjórnarstigsins og hagsmunaaðilum á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi verða haldnir dagana 5. september, 19. september og 15. október.

Hér með er óskað eftir því að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi forgöngu að því að hvetja fulltrúa sveitarstjórnarstigsins og hagsmunaaðila á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi til að mæta á fundinn í Reykjavík.

Fundurinn verður haldinn á Skúlagötu 4, kl. 9-12, fimmtudaginn 15. ágúst 2019. Nánari upplýsingar verða sendar þegar nær dregur.

Fyrir hönd starfshópsins,

Jón Þrándur Stefánsson